



5. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Sverrir Einarsson (SE), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Magnús Matthíasson (MM), Þórdís Raket Hansen (ÞRH), Guðmundur Pálsson (GP), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Viktor S. Pálsson, Adólf Ingvi Bragason og Magnús Ragnar Magnússon.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 4. fundargerð aðalstjórnar frá 7. desember 2016 samþykkt.
 - Skyndihjálparnámskeið fyrir alla þjálfara Umf. Selfoss verður haldið í byrjun febrúar.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 7. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 21. desember til umræðu.

3. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

- Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2017.

4. Umhverfissjóður UMFÍ

- Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2017.

5. Aðalfundir deilda

- Aðalstjórn mælist til þess að deildir ljúki aðalfundum sínum eigi síðar en í fyrstu viku af mars. Upplýsingar um dagsetningu skulu liggja fyrir þann 30. janúar.
- Afar mikilvægt er að skila öllu bókhaldi fyrir árið 2016 á skrifstofu félagsins fyrir lok janúar.

6. Aðalfundur Umf. Selfoss

- Samþykkt að halda aðalfund Umf. Selfoss fimmtudaginn 6. apríl 2017.

7. Bragi – Ársrit Umf. Selfoss

- Skilafrestur deilda á efni í blaðið er til 15. febrúar.
- Kostnaður við útgáfu er um 1,3 milljón og leggur Umf. Selfoss til kr. 500.000 en deildir félagsins leggja hver til kr. 100.000. Upphæðina má leggja fram í formi auglýsinga en deildir geta selt fleiri auglýsingar til að afla deildinni frekari tekna.

8. Nefnd um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss

- Samþykkt að skipa Berg Guðmundsson, formann nefndar um kjör á íþróttafólki Umf. Selfoss 2016. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir að Bergur kalli nefndina saman. Nefndina skipa að öðru leyti Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigríður Ósk Harðardóttir, Guðmundur Karl Sigurdórsson og Elínborg Gunnarsdóttir.

9. Stuðningur við komu flóttafólks í Árborg

- Aðalstjórn Umf. Selfoss býður flóttamanna á Selfoss og vill bjóða öllum börnum í hópnum að æfa endurgjaldslaust árið 2017.
- Með þessu vill félagið leggja sitt af mörkum til að fjölskyldurnar nái sterkri fótfestu í okkar góða samfélagi en rannsóknir hafa sýnt fram á að íþróttaiðkun er talin jákvæð leið fyrir ungmenni til að efla andlega vellíðan sína og mynda ný vináttutengsl og er ekki síst mikilvæg fyrir börn innflytjenda.

10. Kjör fulltrúa á Hérðasþingi HSK 2017

- Umf. Selfoss á 22 fulltrúa á Hérðasþingi HSK sem verður haldið á Hótel Örk í Hveragerði 11. mars 2017.
- Samþykkt tillaga að skiptingu fulltrúa. Allar deildir tilnefna einn fulltrúa auk þess sem framkvæmdastjórn tilnefnir tíunda hvern fulltrúa. Þeir 12 fulltrúar sem eftir standa skiptist á deildir í hlutfalli við iðkendafjölda 1. desember 2016. Samtals leggja deildir til eftirfarandi fjölda: framkvæmdastjórn 2, fimleikar 4, frjálsar 2, handbolti 3, júdó 1, knattspyrna 4, lyftingar 1, mótokross 1, sund 2 og taekwondo 2.

Fundi slitið klukkan 18:42.

Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Fundir aðalstjórnar starfsárið 2016-2017:

Miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.